

Fundargerð 803. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2013, föstudaginn 25. janúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Dagur B. Eggertsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Óttarr Ólafur Proppé, Guðríður Arnardóttir, Gunnar Einarsson, Elín R. Línadal, Eiríkur Björn Björgvinsson, Gunnlaugur Stefánsson, Böðvar Jónsson í forföllum Aldísar Hafsteinsdóttur og Jórunn Einarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna Guðrún Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 802. fundar - 1110040SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 802. fundar frá 12. desember 2012.

Fundargerðin staðfest og undirrituð.

2. Fundargerð samráðsfundar ríkis og sveitarfélaga - 0409009SA

Lögð fram fundargerð samráðsfundar ríkis og sveitarfélaga frá 7. desember 2012.

3. Fundargerð skipulagsmálanefndar - 0910016SA

Lögð fram fundargerð 12. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins, sem haldinn var 11. janúar 2013.

Töluverð umræða varð um 8. tölulið fundargerðarinnar þar sem fjallað er um umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 9. janúar 2013, um drög að frumvarpi til laga um örnefni. Skipulagsmálanefndin tekur undir umsögn sambandsins og telur brýnt að sambandið beiti sér fyrir því sjálfsgæða réttlætismáli að sveitarfélögin fái hlutdeild í tekjum Þjóðskrár af skráningargjaldi nýrra fasteigna. Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur brýnt að sveitarfélögin fái hlutdeild í tekjum Þjóðskrár af skráningargjaldi nýrra fasteigna. Stjórnin telur mjög óeðlilegt að þjónustugjald eins og hér um ræðir renni óskipt til þeirrar ríkisstofnunar sem annast miðlægt utanumhald skráningar þegar stór hluti skráningarvinnunnar er unninn af starfsmönnum sveitarfélaga. Jafnframt ítrekar stjórnin umsögn sambandsins, dags. 9. janúar 2013, um drög að frumvarpi til laga um örnefni sem send hefur verið mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

4. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 0911050SA

Lögð fram fundargerð 15. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 18. janúar 2013.

5. Notendastýrð persónuleg aðstoð - 1103001SA

Lagðar fram þrjár greinargerðir frá sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs, dags. í desember 2012 og janúar 2013, um framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) í Noregi og Svíþjóð, sem hann gerði nánari grein fyrir.

6. Landsþing 2013 - 1210231SA

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að dagskrá XXVII. landsþings sambandsins sem haldið verður 15. mars 2013 og gerði nánari grein fyrir undirbúningi landsþingsins.

Framkvæmdastjóra og sviðsstjórum sambandsins falið að vinna áfram að undirbúningi XXVII. landsþings sambandsins á grundvelli þeirra dagskrárdraga sem lögð voru fram á fundinum. Jafnframt var framkvæmdastjóra falið að boða landsþingsfulltrúa til landsþingsins innan tilskilins tímafrests.

7. Starfsáætlun 2013 - 1211011SA

Framkvæmdastjóri lagði fram að nýju starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2013 og gerði nánari grein fyrir henni.

Stjórn sambandsins staðfesti starfsáætlun 2013.

8. Ársreikningur 2012 - 1301014SA

Lagðir fram ársreikningar sambandsins og Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2012. Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs gerði nánari grein fyrir ársreikningunum og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna. Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Stjórn sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi sambandsins og ársreikningi Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2012 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum sambandsins og er afgreiðslu frestað til næsta fundar.

9. Fjárhagsáætlun 2013 - 1301019SA

Lögð fram til samþykktar tillaga að fjárhagsáætlun sambandsins og Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2013, ásamt greinargerð. Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs gerði nánari grein fyrir fjárhagsáætlununum og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna. Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Stjórn sambandsins samþykkir tillögur að fjárhagsáætlunum sambandsins og Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2013.

10. Endurskoðun viðmiðunarreglna vegna grunnskólabarna utan lögheimilissveitarfélags - 1205042SA

Lagðar fram til samþykktar endurskoðaðar viðmiðunarreglur, dags. 10. desember 2012, ásamt gjaldskrá vegna barna sem stunda grunnskólanám utan lögheimilissveitarfélags. Einnig lagt fram minnisblað Vals Rafns Halldórssonar sérfræðings á hag- og upplýsingasviði, dags. 27. desember 2012, til framkvæmdastjóra um samræmingu gjaldskráa vegna leik- og grunnskólans. Þar kemur fram að stjórn sambandsins þarf að taka afstöðu til þess hvort samræma eigi gjaldskrár vegna leik- og grunnskólavistar utan lögheimilissveitarfélags þannig að húsnæðiskostnaður sé ekki tekin inn í þær.

Fallist stjórnin á að samræming verði með þeim hætti, sem lýst er, er gert ráð fyrir því að ný gjaldskrá án húsnæðiskostnaðar vegna leikskólabarna utan lögheimilissveitarfélags verði lögð fyrir stjórn sambandsins síðar á yfirstandandi ári og hún taki gildi frá og með haustinu 2013.

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs kom fram með viðbótarsetningu í 7. gr. sem hann lagði til að yrði bætt inn í reglurnar þess efnis að ágreiningi verði ekki vísað til sérstakrar þriggja manna nefndar ef ágreiningur heyrir undir annan úrskurðaraðila.

Stjórn sambandsins samþykkir viðmiðunarreglur vegna grunnskólanáms utan lögheimilissveitarfélags með viðbótum við 7. gr.

Jafnframt samþykkir stjórnin að viðmiðunargjaldskrár verði samræmdar, sbr. það sem að framan greinir.

11. Tillögur nefndar um bætur vegna náttúruhamfara - 1006027SA

Lagt fram minnisblað forsætisráðherra til ríkisstjórnar Íslands, dags. 22. janúar 2013, um stuðning hins opinbera vegna tjóns af völdum náttúruhamfara, ásamt skýrslu nefndar sem skilaði tillögum til forsætisráðherra í desember 2012 um stofnun hamfarasjóðs. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefndinni skilaði séráliti varðandi fjármögnunarpátt tillögunnar og þá fyrirætlan að sveitarfélögum sé gert að leggja hinum nýja sjóði til fjárframlög.

Einnig er lagt fram bréf Huldu Guðmundsdóttur, sveitarstjórnarmanns á Fitjum í Skorradal, dags. 18. janúar 2013, þar sem hún óskar eftir að stjórn sambandsins beiti sér fyrir því að gerðar verði lagabreytingar þess efnis að gróðureldar fái opinbera skilgreiningu í lögum sem náttúruvá og að lögum nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands verði breytt á þann veg að gróðureldar verði hluti af þeim náttúruhamförum sem tryggt er gegn, enda liggja fyrir viðbragðsáætlun á viðkomandi svæði og viðurkenndum forvörnum beitt. Tillögur Huldu voru kynntar á málþingi um gróðurelda sem haldið var 17. janúar 2013.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir að leitað verði eftir því við forsætisráðuneytið að sambandið fái fulltrúa í starfshópi sem fyrirhugað er setja á fót til þess að fjalla sérstaklega um hlutverk Hamfarasjóðs með hliðsjón af núverandi verkefnum Ofnaflóðasjóðs og fyrirliggjandi áætlunum um framkvæmdir við ofanflóðavarnir í sveitarfélögum sem í hlut eiga og eðlilega verkaskiptingu.

Samþykkt var að vísa bréfi Huldu Guðmundsdóttur til nefndar sem vinnur að endurskoðun laga um Viðlagatryggingu Íslands.

12. Kynjuð fjárhagsáætlanagerð - 1212017SA

Lagt fram minnisblað frá hag- og upplýsingasviði, dags. 11. desember 2012, um kynjaða fjárhagsáætlunargerð sem sviðsstjóri gerði nánari grein fyrir. Framkvæmdastjóri upplýsti að sambandið myndi afla og miðla til sveitarfélaga upplýsingum um verkefni sem einstök sveitarfélög taka upp í tengslum við kynjaða fjárhagsáætlunargerð.

13. Endurskoðun stjórnarskrár íslenska lýðveldisins - 1104019SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 21. desember 2012, um stöðu sveitarfélaga í frumvarpi til stjórnskipunarlaganna. Einnig lagt fram til

kynningar bréf sambandsins til Alþingis, dags. 14. janúar 2013, um álitaefti í mannréttindakafla sama frumvarps sem snerta sveitarfélög, ásamt sex minnisblöðum lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins um 12., 15., 22., 24., 33.-35. gr. og 57.-72. gr. frumvarpsins.

Stjórnin þakkar sérfræðingum sambandsins fyrir vel gerðar umsagnir sem augljóslega eru unnar af miklum heilindum og vandvirkni.

14. Sameiginleg ráðgjafarnefnd með CoR - 0909003SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs, dags. 21. janúar 2013, um 1. fund sameiginlegrar nefndar með Svæðanefnd ESB 4. mars nk. Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs gerði nánari grein fyrir minnisblaðinu og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna.

15. Samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks - 1103020SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 31. fundar Samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks frá 12. desember 2012.

16. Starfshópur um fyrirkomulag refa- og minkaveiða - 1212022SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 27. desember 2012, þar sem Guðrún M. Valgeirsdóttir, sveitarstjóri Skútustaðahrepps, og Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, eru tilnefnd í starfshóp til þess að fara yfir núverandi fyrirkomulag refa- og minkaveiða og leggja fram tillögur um breytingar á fyrirkomulaginu eftir því sem tilefni er til.

17. Fagråd um símenntun og starfsþróun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara - 1212031SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 27. desember 2012, þar sem Gunnar Gíslason, fræðslustjóri á Akureyri, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, aðstoðarmannauðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, Björn Þráinn Þórðarson, fræðslustjóri Mosfellsbæjar og Klara E. Finnbogadóttir, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, eru tilnefnd sem aðalmenn, og Karl Frímansson, starfandi fræðslustjóri á Akureyri, Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, Sigurbjörn Marinósson, forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands og Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi sambandsins, eru tilnefnd sem varamenn til fjögurra ára, í fagråd um símenntun og starfsþróun kennara.

18. Starfshópur til að gera úttekt á stjórnfyrirkomulagi Vatnajökulsþjóðgarðs - 1212030SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 27. desember 2012, þar sem Gunnþórunn Ingólfssdóttir, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps, og Stefán Bogi Sveinsson, forseti bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs, eru tilnefnd í starfshóp til þess að gera úttekt á stjórnfyrirkomulagi Vatnajökulsþjóðgarðs. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

19. Innflytjendaráð - 0509331SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 27. desember 2012, þar sem Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður, og Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefndur sem varamaður, í innflytjendaráð.

20. Löggjöf um frístundaheimili grunnskólabarna - 1212027SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 27. desember 2012, til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, þar sem Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi sambandsins, er tilnefnd í starfshóp sem ætlað er að skoða hvort þörf sé á sérstakri löggjöf um frístundaheimili fyrir nemendur á grunnskólaaldri.

21. Tilnefning í Æskulýðsráð - 1012014SA

Lagt fram bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 3. janúar 2013, þar sem Margrét Sigurðardóttir, forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Selsins á Seltjarnarnesi, og Valur Rafn Halldórsson, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði sambandsins, eru tilnefnd til áframhaldandi setu í Æskulýðsráði til tveggja ára.

22. Léttara líf - 1202019SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 28. desember 2012, þar sem Klara E. Finnbogadóttir, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd sem fulltrúi í verkefnisstjórn um heilsueflingu í leikskólum - Léttara líf, sem aðalmaður í stað Bjarkar Ólafsdóttur, sem látið hefur af störfum fyrir sambandið, og Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi sambandsins, er áfram tilnefnd sem varamaður í verkefnisstjórnina.

23. Undanþágunefnd grunnskóla 2009-2010 og 2010-2011 - 1110013SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 9. janúar 2013, þar sem Sólveig B. Gunnarsdóttir, lögfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalmaður, og Björn Þráinn Þórðarson, forstöðumaður skólaskrifstofu Mosfellsbæjar, er tilnefndur áfram sem varamaður, í undanþágunefnd grunnskóla.

24. GERT- Grunmenntun eflid í tækni- og raunvísindum - 1203010SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Samtaka iðnaðarins, dags. 14. janúar 2013, þar sem Jónína Ágústsdóttir, skólastjóri í Breiðholtsskóla, og Helga Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Fjölskyldustofu Akraneskaupstaðar, eru skipaðar sem fulltrúar sambandsins í samvinnuvettvang hagsmunaaðila á grundvelli niðurstöðu í skýrslu samstarfshóps á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Samtaka iðnaðarins, um átak til að efla áhuga 10 - 15 ára nemenda á raunvísindum og tækni, hið svokallaða GERT-verkefni. Jafnframt mun Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi sambandsins, áfram verða tengiliður sambandsins við verkefnið og Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, mun sitja áfram í stýrihópi vegna þess.

25. Breyting á skipan kjaramálanefndar - 1010019SA

Lagt fram bréf framkvæmdastjóra sambandsins til kjaramálanefndar sambandsins, dags. 15. janúar 2013, þar sem tilkynnt er um að Atli Atlason, deildarstjóri kjaradeildar Reykjavíkurborgar, taki sæti í nefndinni í stað Halls Páls Jónssonar, sem hefur látið af störfum fyrir Reykjavíkurborg og þar með hætt þátttöku í starfi kjaramálanefndar.

26. Bráðamengun hafs og stranda - 1212002SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 27. desember 2012, þar sem hafnað er að svo stöddu að tilnefna fulltrúa sambandsins í mengunarvarnaráð hafna þar sem tekið er fram af hálfu ráðuneytisins að sá sem tilnefndur verði skuli uppfylla tiltekin skilyrði um starfsstöðu og að tilnefningaraðilar skuli bera allan kostnað af þeim aðilum sem þeir tilnefna.

Formaður vakti athygli á efni bréfsins og lýstu stjórnarmenn sig sammála því.

27. Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga (hlutverk jöfnunarsjóðs) - 1208012SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 13. desember 2012, um frumvarp til laga um breytingu á tekjustofnum sveitarfélaga.

28. Endurskoðun laga um bæjarnöfn - 1210250SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 9. janúar 2013, um drög að frumvarpi til laga um örnefni.

29. Drög að frumvarpi um opinber innkaup - 1008013SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 12. desember 2012, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber innkaup, 288. mál.

30. Frumvarp til laga um byggingavörur - 1211004SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 18. desember 2012, um drög að frumvarpi til laga um byggingavörur.

31. Reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu - 0712408SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 20. desember 2012, um 16. gr. reglugerðar nr. 1054/2010.

32. Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks - 1103012SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 7. janúar 2013, um verkefni samkvæmt framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks á árinu 2013.

33. Velferðarvaktin - 0902056SA

Lögð fram til kynningar ályktun velferðarvaktarinnar, dags. 14. desember 2012, um atvinnumál.

34. Þingsályktun um eflingu græna hagkerfisins - 1108004SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 11. janúar 2013, um mögulega aðkomu sveitarfélaga að eflingu græns hagkerfis.

35. Brennsla úrgangs - 1102011SA

Lagt fram til kynningar minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins til Skaftárhrepps, dags. 3. janúar 2013, um undanþágubeiðni Skaftárhrepps vegna sorpbrennslustöðvar.

36. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar fyrir urðun úrgangs - 1301008SA

Lagt fram til kynningar minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 8. janúar 2013, um fyrirhugaða synjun á beiðni um undanþágu til áframhaldandi reksturs urðunarstaða HULU bs. á Skógasandi.

Næsti fundur er ráðgerður föstudaginn 1. mars nk.

Fundi var slitið kl. 14:45.

Halldór Halldórsson

Dagur B. Eggertsson

Hanna Birna Kristjánsdóttir

Óttarr Ólafur Proppé

Guðríður Arnardóttir

Gunnar Einarsson

Elín R. Líndal

Eiríkur Björn Björgvinsson

Gunnlaugur Stefánsson

Böðvar Jónsson

Jórunn Einarsdóttir

framkvæmdastjóri

ritari